

tekur til allra hesthúsa í landi hreppsins, en heimilt er að veita undanþágur, ef húsin eru mjög afskekkt.

10. gr.

Um brot á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála og skulu sektir vera kr. 10 000.00—100 000.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 31 24. apríl 1973 um búfjárrækt, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. janúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

6. febrúar 1978.

Nr. 80.

REGLUGERÐ

um takmörkun á þorskveiðum í mars 1978.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 12 á hádegi 21. mars til kl. 12 á hádegi 28. mars 1978, eru allar þorskveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Skal óheimilt á þessu tímabili að hafa í sjó nokkur þau veiðarfæri, sem notuð eru til þorskveiða.

2. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar, sbr. 1. gr., má hlutdeild þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskaflí undir þeim mörkum telst löglegur aukaafli, en fari þorskaflí veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafila.

3. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili því, sem þorskveiðar eru bannaðar samkvæmt 1. gr., og hlutfall þorsks í aflanum reynist herra en 15%, skal svo lítið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 2. gr., nema skipstjóri sanni, að veiðum hafi verið hætt fyrir upphaf tímabilsins.

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um

veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi 4. gr. reglugerðar nr. 423 29. nóvember 1977, um veiðar í þorskfisknet.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir tímabilið 1. janúar til loka loðnuvertíðar 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir tímabilið 1. janúar til loka loðnuvertíðar 1978:

Loðnumjöl, \$ 7.10 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 405.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verði ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ = 212.80.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af mismuni söluverðs og viðmiðunarverðs í Bandaríkjadollurum, hvort tveggja reiknað á genginu \$ 1 = 212.80, en aftur á móti 75% af mismuni þess viðskiptagengis, sem framleiðslan selst á, og genginu \$ 1 = 212.80.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. janúar 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Pórður Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um löndun á loðnu til bræðslu, frystingar og hrognatöku.

1. gr.

Loðnuverksmiðjur skulu tilkynna loðnunefnd daglega eða svo oft sem nefndin ákveður, um móttökurými á hverjum þeim tíma, sem nefndin óskar. Nefndin ákveður síðan og tilkynnir veiðiskipum hvenær löndun skuli hefjast eða hætta hjá einstökum verksmiðjum.